



Rimaskóli – heildarmat á skólastarfi

Febrúar 2009
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf.....	7
Nám og kennsla	7
Markmið og áætlanir	8
Skipulag skólastarfs.....	8
Nemendur og líðan	9
Félagslíf og skemmtanir	10
Stjórn nemendafélaga	10
Reglur og agi	11
Viðvera nemenda.....	12
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	12
Upplýsingamiðlun og samskipti	14
Verklag	16
Fjölbreyttar leiðir í námi	16
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	16
Námsmat.....	18
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	18
Skólaþróun og mat	21
Virk upplýsingamiðlun.....	21
Heimasíða.....	21
Skólanámskrá og starfsáætlun.....	22
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	23
Mannauður	25
Starfsmenn og líðan.....	25
Samstarf.....	26
Samstarf og samskipti við foreldra.....	27
Viðvera starfsmanna.....	27
Símenntun og starfsþróun.....	28
Jafnrétti og jafnræði	29
Aðbúnaður	29
Stjórnun og skipulag.....	29
Fjármál	33
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun.....	33
Fjárhagsleg staða skólans	33
Greining.....	34
Samantekt ábendinga.....	34
Heimildir	39
Fylgiskjöl.....	39

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Rimaskóla sem fram fór í janúar 2009. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Rimaskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2008-2009. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Rimaskóla er Helgi Árnason og aðstoðarskólastjórar eru Marta Karlsdóttir og Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir. Rimaskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Nemendur Rimaskóla eru 694 skólaárið 2008-2009 sem er tæp 97% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendafjöldi haldist svipaður næstu 2-3 árin en fækki aðeins eftir það og verði um 650. Í skólanum eru 108 starfsmenn skólaárið 2008-2009 í um 88 stöðugildum, þar af kennarar í um 44 stöðugildum og leiðbeinendur í tæpum 7 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 7,8 nemendur á hvert stöðugildi sem er álíka og í borginni í heild að meðaltali. Ef aðeins er miðað við kennara í Rimaskóla eru 13,4 nemendur á hvert stöðugildi.

Rimaskóli hóf starfsemi sína haustið 1993 í færanlegum skólastofum. Fyrsti áfangi núverandi skólahúss var tekinn í notkun haustið 1994. Byggingu skólans var síðan lokið í áföngum frá 1995-1999. Nemendafjöldi fór mest í 817 nemendur árið 2002. Áætlað er að byggja við skólann á næstu árum, en 11 færanlegar skólastofur eru í notkun við skólann. Heildarstærð skólans er nú um 6.350 m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr nýrra grunnskólalögum nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37.gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalda, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Heildarmat fór fram í einum grunnskóla á vorönn 2007 og í 6 grunnskólum skólaárið 2007-2008. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2008-2009.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs og notað við heildarmat í 7 grunnskólum skólaárið 2007-2008.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- Ákvörðun tekin um athugun í skóla vika 1
- Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn vika 1
- Upplýsingum safnað saman/prófíll skólans/heimasíða skoðuð vika 1

- | | |
|--|-------------|
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | í lok annar |

Frekari eftirfylgni ræðst af niðurstöðum matsins.

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá (nýjustu útgáfu) þ.m.t.
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendaráðs/nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2008
 - Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
 - Heimasíða skólans
 - Stundaskrár 2008-2009 og yfirlit yfir valgreinar (kenndar)
 - Kennsluáætlanir 2008-2009 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Skólastarf

Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk vorið 2008 og var niðurstaða þess að rúm 69% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 67%. Meðalárangur nemenda í 2. bekk Rimaskóla var tæp 71% sem er aðeins lægra en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2007 var Rimaskóli með meðalárangurinn 64% og þá gátu 61% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2008 er aðeins undir meðalárangri í grunnskólum Reykjavíkur en herra hlutfall nemenda í Rimaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali.
- Árangur nemenda vorið 2008 er betri en undanfarin ár.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 24 grunnskólum Reykjavíkur í nóvember 2007. Þegar Talnalykill var lagður fyrir nemendur í Rimaskóla í nóvember 2007 var meðalárangur nemenda í þættinum *Reikningur og aðgerðir* mælitalan 10,9. 69% nemenda sem tóku þátt fóru aðeins í þann prófpátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Miðað við niðurstöður skimunarinnar árið 2007 teljast um 16% nemenda í Rimaskóla líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði en 7% að meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur

Meðalárangur nemenda í Reykjavík í þættinum *Reikningur og aðgerðir* var mælitalan 10.8. 68% nemenda sem tóku þátt fóru aðeins í þann prófpátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í 3. bekk Rimaskóli í stærðfræðiskimun 2007 er aðeins betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali.
- Hlutfall nemenda sem telst þurfa stuðning í stærðfræði er 16% á móti 7% í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Rimaskóla 2006 er 1.02 í íslensku og í stærðfræði í 10. bekk sem telst venjulegar framfarir nemenda. Í íslensku í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.00 sem telst venjulegar framfarir nemenda og í stærðfræði 0.99 sem einnig telst venjulegar framfarir nemenda (sjá nánar í fylgiskjali 1, Rimaskóli og skólahverfi).

Ábendingar

- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

² Framfarastuðull gefur vísbandingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Árangur í Pisa 2006

Í PISA 2006 var lögð áhersla á mælingu á frammistöðu nemenda í náttúrufræði, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum á stærðfræði og lesskilningi. PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is). Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA. Rimaskóli er meðal þeirra fimm skóla sem sýna lakastan árangur nemenda í öllum þremur þáttum, náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi. Þátttaka nemenda í Rimaskóla í rannsókninni var góð, 94% 15 ára nemenda tóku þátt.

Ábendingar

- Rimaskóli er meðal þeirra fimm skóla í Reykjavík sem sýna lakastan árangur nemenda í öllum þremur þáttum PISA 2006, náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í námskrám fyrir skólaárið. Námskrár eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti. Í námskrám eru upplýsingar fyrir hvern árgang um hverja námsgrein; markmið, kennsluhættir, námsmat og námsgögn. Námsáætlanir eru ýmist gerðar fyrir önnina eða skólaárið og skipt upp í tímabil, oftast viku í senn. Þar er fjallað um viðfangsefni, próf og heimanám eftir tímabilum. Í 1. og 2. Bekk eru gerðar vikuáætlanir þar sem koma fram helstu viðfangsefni og viðburðir, ljóð vikunnar, yfirlit yfir heimanám og skilaboð til foreldra.

Á heimasíðu skólans er námskrár ekki að finna, en gert er ráð fyrir að námsáætlanir birtist þar. Við skoðun var þar aðeins að finna námsáætlun í heimilisfræði fyrir alla árganga aðrar námsáætlanir voru ekki fyrir 1.-6. bekk. Fyrir 7.-8. bekk birtast námsáætlanir í fleiri greinum en hvergi í öllum. Sýnishorn af námsáætlunum lá fyrir í gögnum frá skólanum.

Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Ábendingar

- Markmið einstakra greina eru sett fram í námskrám fyrir skólaárið. Námskrár eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti
- Á heimasíðu skólans er námskrár ekki að finna, en gert er ráð fyrir að námsáætlanir birtist þar. Við skoðun var þar aðeins að finna námsáætlun í heimilisfræði fyrir alla árganga.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.

Skipulag skólastarfs

Skólinn er opnaður kl. 7:45 alla virka daga. Kennsla hefst kl.8:10 og stundataflan er skipulögð í 80 mínútna lotur. Frímínútur eru 15 mínútur milli 2. og 3. stundar og 15 mínútur milli 4. og 5. stundar. Nýlega varð gerð sú breyting að frímínútur hjá 1.-4. bekk eru á milli 3. og 4. stundar flesta daga. Þessi breyting var gerð til að draga úr álagi og árekstrum á skólalóð. Borðað er í matsal í tveimur hópum á bilinu 11:45-13:10.

Skoðaðar voru stundatöflur nemenda. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 35 tímar og að auki 40 mínútna hádegis- og matarhlé alla daga. Á töflu 1. bekkja koma fram viðbótartímar um fram það sem gert er ráð fyrir, samkvæmt upplýsingum skólastjóra er það mistök vegna breytinga sem gerðar voru á töflum þegar frímínútum var breytt. Á töflu 5.-7. bekkja eru skráðir 36

tímar af sömu ástæðum og að auki 30 mínútna hádegis- og matarhlé alla daga. Í 8. bekk eru 35 nemendatímar á töflu af 37 sem þar eiga að vera, skýringar liggja ekki fyrir um þetta frávík frá lögbundnum skólatíma nemenda. Í 9. bekk eru 29 tímar og í 10. bekk 30 nemendatímar auk 30 mínútna hádegis- og matarhlés flesta daga, þar koma til viðbótar valgreinar einstakra nemenda. Stundatöflur eru samfelldar og dagar jafnlangir upp í 4. bekk. Á miðstigi og unglingastigi eru dagar mislangir. Eyður í töflu koma fyrir frá 7. bekk og upp úr.

Bekkjarkennarar kenna flestar eða allar bóklegar greinar í 1.-7. bekk og bekkurinn á sína bekkjarstofu. Greinakennsla einkennir skipulagið í 8.-10. bekk, hver grein og kennari eiga sína stofu og nemendur fara á milli. Umsjónarkennari í unglingadeild hefur þó oftast fleiri tíma með bekknum.

Á hverjum föstudegi gerir skólastjóri dagskrá vikunnar framundan og dreifir til starfsfólks. Þar koma fram allir viðburðir, heimsóknir, fundir, forföll starfsmanna sem vitað er um og frávík frá daglegu starfi.

List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn, smíði á mótí textíl og myndmennt á mótí heimilisfræði eða sundi í 2.-8. bekk. Greinarnar eru val í 9. og 10. bekk. Í 1. bekk er kennsla þessara greina á ábyrgð bekkjarkennara. Heimilisfræðin er vinsæl, þar eru 7 valhópar, nemendur í heimilisfræðivali fá 120 mínútna tíma.

Ábendingar

- Á stundatöflu 8. bekkja eru 35 nemendatímar á viku eða 2 tímar undir lögbundinni skyldu.
- List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn smíði á mótí textíl og myndmennt á mótí heimilisfræði eða sundi í 2.-8. bekk.
- Stundatöflur eru samfelldar og dagar jafnlangir upp í 4. bekk. Á miðstigi og unglingastigi eru dagar mislangir. Eyður í töflu koma fyrir frá 7. bekk og upp úr.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Rimaskóla sú að 63% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð lægra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 69% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Rimaskóli og skólahverfi).

Skólinn hefur verið þátttakandi í Olweusarverkefni undanfarin ár og nemendur í rýnihópum þekkja umræðu um einelti, þau nefna árlega könnun sem fram fer og verkefni, s.s. skólavinaverkefni. Fyrir liggur ferillýsing í eineltismálum þar sem fram kemur að starfsfólk vinnur markvisst að meðferð eineltismála um leið og grunur vaknar og umsjónarkennarar bera ábyrgð á að uppræta eineltismál sem upp koma í bekk hans (Starfsmannahandbók Rimaskóla). Í rýnihópi foreldra kemur fram það mat að ekki sé nógu vel fylgt eftir eineltismálum og nefnt dæmi um það. Í rýnihópi kennara kemur fram að verkefnið hafi ekki náð að festa rætur.

Í rýnihópum nemenda kemur fram að þeim líði vel í skólanum, og þau telja að „flestir séu öruggir“, og þau telja að flestum öðrum líði vel. Þau tala þó um stríðni, sérstaklega yngsti hópurinn. Stríðnin getur tengst útliti eða fötlun/veikindum.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, „strangir en finir“, og eldri nemendur tengja saman ánægju með kennarann og ánægju með fagið sem þeir kenna „hér eru kennarar sem kunna sitt fag“. Sund og heimilisfræði eru nefnd sem skemmtilegustu greinar.

Foreldrar í rýnihópi telja einnig að nemendum líði almennt vel í skólanum, en hafa einnig ýmsar athugasemdir, s.s. „rólegu börnin fá ekki það sem þau þurfa“, skólinn er of stór, mikil læti (í frímínútum og á göngum), og ljótt orðbragð sem felur í sér fordóma .

Ábendingar

- 63% nemenda í 5.-7. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2007 sem er undir meðaltali í borginni (69%).
- Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti undanfarin ár en óljóst hvort unnið er eftir ferlum.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum, en yngri nemendur tala um stríðni.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína og eldri nemendur tengja saman ánægju með kennarann og ánægju með fagið sem þeir kenna.
- Sund og heimilisfræði eru nefnd sem skemmtilegustu greinar.
- Foreldrar í rýnihópi telja einnig að nemendum líði almennt vel í skólanum, en hafa einnig athugasemdir um að ekki sé öllum nógu vel sinnt.

Félagslíf og skemmtanir

Samstarf er við ÍTR um félagsstarf í skólanum í félagsmiðstöðinni Sigyn. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafa umsjón með ýmis konar klúbbastarfi, skipuleggja böll og aðrar uppákomur. Stundum eru sameiginleg böll fyrir skólana í Grafarvoginum. Skólinn leggur áherslu á virkt nemendaráð sem vinnur að árshátíð, skipuleggi skemmtanir, ferðir og íþróttakeppnir í samráði við umsjónarmann félagsstarfs. Skólinn vill stuðla að þátttöku nemenda í spurningakeppni grunnskólanna og hæfileikakeppninni Skrekk.

Allt frá stofnun Rimaskóla hefur verið lögð mikil áhersla á skákiðkun nemenda og þátttöku í skákkeppnum og hafa nemendur reynst sigursælir í skákkeppnum innanlands og utan (Skólanámskrá Rimaskóla).

Félagsstarf yngri nemenda er skipulagt af bekkjarfulltrúum meðal foreldra í samvinnu við umsjónarkennara. Gert er ráð fyrir tveimur bekkjarkvöldum í hverjum bekk á skólaárinu. Svo nefna nemendur föstudagsfjör, þ.e. skemmtanir á sal þar sem nemendur koma fram og opið er fyrir foreldra að koma.

Stjórn nemendafélaga

Nemendaráð yngri barna stigs

Tvö nemendaráð eru starfandi við skólann og er skólinn í samstarfi við ÍTR vegna þeirra. Nemendaráð yngri barna er skipað fulltrúum úr 6. og 7. bekk. Nemendur bjóða sig fram í hverjum bekk fyrir sig og hver nemandi velur einhverja tvo, einn aðalmann og einn varamann. Þeir tveir sem fá flest atkvæði í hverjum bekk öðlast sæti í ráðinu sem samanstendur af alls 14 fulltrúum. Þrjú embætti eru í ráðinu; formaður, varaformaður og ritari og velja fulltrúar sjálfir í embættin. Það er eftirsótt að komast í nemendaráð, samkvæmt upplýsingum frá nemendum var um 1/3 hluti nemenda sem bauð sig fram, fleiri stúlkur en drengir. Alls eru 11 stúlkur í ráðinu en þrír drengir.

Nemendaráðið hittist einu sinni í viku, í hádeginu á fimmtudögum, hálf tíma í senn. Meginhlutverk nemendaráðs á yngri barna stigi er að skipuleggja opið hús á miðvikudögum fyrir 5. og 6. bekk en einnig eru haldin böll, t.d. góðgerðarball þar sem nemendaráðið ákvað

styrktarmálefnið og var Rauða Krossinum færð peningaupphæð sem safnaðist. Aðstoðarskólastjóri á yngri barna stigi heldur utan um nemendaráðið, mætir á fundi þess, stýrir fundum og skráir niður. Hún kynnti fyrir nemendum í upphafi hvernig nemendaráð starfar og leitar eftir skoðunum fulltrúa í ráðinu á ýmsum hlutum er tengjast skólanum, t.d. skólalóð og þess háttar. Ritari ráðsins heldur utan um skráningu á fundi, en að sögn nemenda er vel mætt og einnig sögðust þau finna fyrir því að hlustað væri á þau.

Nemendaráð unglिंगadeildar

Nemendaráð unglिंगadeildar er skipað alls níu fulltrúum úr 8.-10. bekk, þremur úr hverjum árgangi. Val fulltrúa fór þannig fram að tveir buðu sig fram í hverjum bekk í tíma hjá umsjónarkennara og síðan fóru kosningar allra árganga fram á sal. Frambjóðendur fluttu framboðsræður og kosningaloforð voru gefin. Auglýsingar frambjóðenda voru uppi í viku fyrir kosningarnar. Einhverjir frambjóðenda voru styrktir af fyrirtækjum og fengu gos og sælgæti til að gefa nemendum. Aðstoðarskólastjóri á unglिंगastigi sá um skipulagningu en framkvæmdin var að mestu leyti í höndum nemenda. Þrjú embætti eru í ráðinu; formaður, varaformaður og ritari og fulltrúar velja sjálfir í embættin. Nokkuð jöfn kynjaskipting er í ráðinu, 5 stúlkur og 4 drengir.

Nemendaráðið hefur fasta fundartíma kl. 5 á fimmtudögum en það eru þó ekki alltaf fundir. Dagskrá er ekki send fyrir fundi, en starfsmaður ÍTR skrifar fundargerðir. Félagsgreinakennarar starfa einnig með ráðinu. Á fundum skipuleggja nemendur dagskrá vetrarins og hefur ráðið m.a. staðið að góðgerðarviku og haldið böll. Einnig er tekinn upp geisladiskur á hverju ári sem nemendur sjá um að selja til styrktar góðgerðarmálefnum.

Nemendur úr ráðinu töluðu um að það þyrfti að vera á hreinu hvenær fundir væru og einnig að mætingin væri ekki nægilega góð. Það kom fram að ráðið hefði verið nokkuð lengi í gang eftir kosningarnar og ekki væri búið að efna öll kosningaloforðin. Nemendurnir sáu ákveðna annmarka á lýðræðinu, þetta væri vinsældakosning og ekki veldust endilega nemendur sem hefðu áhuga á því að starfa í ráðinu. Ræddar voru lausnir á þessu, t.d. að fulltrúum yrði vísað úr ráðinu ef þeir uppfylltu ekki mætingarskilyrði og þeir sem voru næstir að ná kjöri kæmu inn í þeirra stað. Nemendur í nemendaráðinu komu einnig á framfæri óánægju yfir því að ekki væri tónmenntakennsla fyrir unglिंगastigið og kvörtuðu yfir því að tónlist og tónlistarnám nemenda mætti vera mun sýnilegra í skólanum. Einnig kom fram að fulltrúi úr ráðinu sat fund nemendaráða á Menntasviði og fékk hugmynd að uppbroti í dönskukennslu. Þeim hugmyndum var komið á framfæri, var vel tekið og hefðu verið teknar upp í enskukennslu líka

Ábendingar

- Tvö nemendaráð eru starfandi í skólanum með fulltrúum úr 6.-7. og 8.-10. bekk.
- Vel er staðið að kjöri nemenda í nemendaráð.
- Aðstoðarskólastjórar hafa yfirumsjón með nemendaráðum og sitja fundi ráðsins.
- Fundartímar nemendaráðs á unglिंगastigi mættu vera með reglulegri hætti til að bæta mætingu og virkja nemendur í ráðinu.
- Áhersla er lögð á skákiðkun nemenda og hefur skólinn unnið til verðlauna í skákkeppnum innanlands og utan.

Reglur og agi

Nemendur þekkja skólareglur, þær eru uppi við í mörgum skólastofum og flestir fara eftir þeim að sögn nemenda í rýnihópi. Skólareglurnar eru birtar í skólanámskrá Rimaskóla. Í

reglunum er tilgreint á jákvæðan hátt hvernig nemendum ber að hegða sér í skólanum og hvernig brugðist skuli við frávikum. Einnig eru birtar reglur um skólasókn og ástundunareinkunn (sjá fylgiskjal; gátlisti um skólareglur).

Í flestum stofum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan eða þokkalegan vinnufrið en í sumum tilvikum órólega nemendur sem trufla (sjá nánar vettvangsathuganir, fylgiskjal). Nemendur meta það svo að ekki sé alltaf vinnufriður í tímum og kemur það fram í öllum rýnihópum þeirra. Kennarar í rýnihópum tala um erfiða árganga og erfiða einstaklinga sem trufla kennslu eða vinna ekki í tíma, jafnvel svo að hópur nemenda er nær óvirkur í tímum. Kennarar nefna þá lausn að geta sent nemendur í agaver, en þangað fara bara erfiðustu nemendur. Fram kemur að meiri ró er yfir nemendum eftir að frímínútum var breytt þannig að ekki eru allir úti á sama tíma.

Kennarar eiga að bregðast við óæskilegri hegðun eða broti á skólareglum með því að ræða við nemanda. Við ítrekuð frávik skal kennari ræða við forráðamenn og boða þá til fundar. Stoðkerfi skólans komi að þegar mál verða erfið úrlausnar og einstaka málum er vísað til Barnaverndar Reykjavíkur (Skólareglur Rimaskóla). Í rýnihópum kemur fram að algengt er að nemendum sem brjóta af sér eða sýna óæskilega hegðun sé vísað beint til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra einnig að fyrir komi að nemendur séu „reknir úr tíma“ án þess að vera vísað á ákveðinn stað. Kennurum finnst ekki ganga að öllu leyti vel að framfylgja reglum, þær hafi ekki verið kynntar nógu vel eftir endurskoðun á síðasta ári og þær þurfi að samræma betur milli kennara og stiga, „sumir eru með eigin reglur“, skólinn er stór (stórt svæði) og lítið um úrræði. Sumir nemendur „brjóta skólareglur endalaust“. „Skrópið“ er það sem erfiðast er að taka á í unglingadeild að mati kennara í rýnihópi, reynt er að gera samninga og leitað til barnaverndar þegar allt um þrýtur, en þá er nemandinn kannski týndur.

Ábendingar

- Nemendur þekkja almennt skólareglur og flestir virða þær.
- Skólareglur eru uppi við í flestum skólastofum en ekki öllum.
- Samræma þarf hvernig skólareglum er fylgt milli kennara og skólastiga og hvernig brugðist er við frávikum.
- Misjafnt er eftir bekkjum og árgöngum hvort góður vinnufriður er í kennslu og fyrir kemur að einstaklingar eða hópar eru nær óvirkir í tímum.
- „Skrópið“ er það sem erfiðast er að taka á í unglingadeild, að mati kennara.

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á haustönn 2008 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar), leyfi og veikindi voru hlutfallslega hæstar í 9. bekk. Hlutfallslega er meira um leyfi og veikindi í unglingadeild en í yngri deildum.

Ábendingar

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar vorið 2008 eru þær að tæp 74% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast tæp 25% vera mjög ánægð. Ánægja foreldra barna í

Rimaskóla mældist um 82% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000, og fór upp í tæp 88% í könnunni árið 2002. Í þeim þremur könnunum sem gerðar hafa verið síðan, hefur ánægjan hinsvegar lækkað lítillega með hverri könnun. Af fimm mögulegum, mælist meðaltalsánægjan 3,8 fyrir árið 2008 (var 4,0 árið 2006). Meðaltalsánægjan í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 sem jafngildir *frekar mikilli ánægju*, og Rimaskóli er því fyrir neðan meðaltal í þessari spurningu.

Í foreldrakönnuninni vorið 2008 svöruðu 130 foreldrar og forráðamenn í Rimaskóla könnuninni af 183 í úrtaki, sem er 71% svörun. Hlutfallið var yfir meðaltali, því svarhlutfallið fyrir alla grunnskólana í borginni var rúmlega 70%. Í Rimaskóla voru 720 nemendur skólaárið 2007-2008, sem þýðir að svör vegna rúmlega 18% nemenda í skólanum er að finna í niðurstöðum könnunarinnar.

Í spurningu um stjórnun skólans segjast rúm 76% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast um 34% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægjan er 4,0 og hefur lækkað úr 4,2 frá árinu 2006. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 og ánægja foreldra í Rimaskóla með stjórnunina því jöfn meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara er mikil, eins og reyndar í borginni allri. Í fimm af sex spurningum um umsjónarkennara barnanna, er meðaltalið í skólanum yfir fjórum. Aðeins í spurningu um upplýsingaflæði frá umsjónarkennara um félagsanda í bekknum, er meðaltalið undir fjórum. Sömuleiðis voru meðaltölin í Rimaskóla hærri í fimm tilfellum af sex í spurningum um umsjónarkennarann, miðað við meðaltölin í skólanum fyrir árin 2000-2006. Samanborið við meðaltölin fyrir alla borgina eru meðaltölin í Rimaskóla oftast hærri í spurningum um umsjónarkennara.

Foreldrar barna í Rimaskóla meta líðan barna sinna á þann veg að *oftast* líði þeim vel í skólanum, og reyndar rúmlega það, því skorið í spurningunni eru uppá 4,1 þar sem 4,0 jafngildir því að barni líði *oftast* vel í skólanum. Sama meðaltal er fyrir borgina alla. Meðaltalið 4,1 er einnig að finna í Rimaskóla í spurningum um líðan barnanna í kennslustundum, frímínútum og íþróttatímum og aftur er skólinn á meðaltalinu í borginni í öllum þremur þáttunum. Meðaltalið í skólanum fyrir mat á líðan barnanna í frístundaheimili er aftur á móti 3,9 en er 4,1 í borginni allri, og skólinn því þar undir meðaltali.

Af öðrum þáttum má nefna að um 80% svarenda í Rimaskóla finnst námslegar kröfur sem gerðar eru til barna þeirra *hæfilegar*, á móti um 76% í borginni allri. Aftur á móti finnst um 67% heimavinnan vera *hæfileg* á móti um 71% í borginni og 59% finnst aginn hæfilegur í skólanum á móti rúmum 70% í borginni.

Af 117 foreldrum í Rimaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðust 28 eða tæp 24% svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 21%. Mikilvægt er að muna að ekki er öruggt að eineltið hafi átt sér stað í tilteknum skóla. Af þessum 28 foreldrum sögðust 21 vera *mjög* eða *frekar ánægðir* með hvernig tekið var á eineltinu af hendi skólans.

Ánægja foreldra í Rimaskóla með aðgang barnanna að tölvum hefur hækkað úr 2,9 (2000-2006) í 3,2 og ánægja upplýsingagjöf skólans hefur hækkað úr 3,9 (2000-2006) upp í 4,1. Á móti kemur að ánægja með almennt ástand húsnæðis, leikaðstöðu á skólalóð, og gæslu á skólalóð er allt undir meðaltalinu fyrir árin 2000-2006.

Í opnu svörunum er erfitt að benda á einhver mynstur hjá foreldrum, en þó lýstu margir foreldrar yfir ánægju með stjórnunina á skólanum, ekki síst sýnileika stjórnenda. Á hinn bóginn voru áberandi kvartanir á meintu vondu ásigkomulagi húsnæðis og voru þar skúrar sem notaðir eru til kennslu harðlega gagnrýndir. Einnig væri skortur á kennurum og álag á þá of mikið.

Í heild sinni kemur skólinn tiltölulega vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2008, sérstaklega hvað varðar ánægju með umsjónarkennara, líðan barnanna og námslegar kröfur. Skólinn hefur hinsvegar verið að lækka í spurningum um almenna ánægju með skólann og um stjórnun skólans, og í báðum tilvikum undir meðaltali. Eins eru foreldrar margir hverjir óánægðir með húsnæðismál skólans.

Í rýnihópi foreldra kemur fram að samskipti foreldra við skólann séu almennt ekki mikil, en foreldrum er samt vel tekið þegar þeir koma í skólann og góður aðgangur að honum.

Skólaráð og foreldrafélag

Kosnir hafa verið fulltrúar foreldra í skólaráð en ekki er komið skipulag á starf þess enn.

Stjórn foreldrafélagsins er kynnt á heimasíðu skólans og þar er að finna fréttir úr starfi félagsins ásamt upplýsingum um starfsemi og viðburði, s.s. foreldrarölt. Bekkjarfulltrúar eru valdir í hverjum bekk og halda þeir utan foreldrastarf í bekknum utan skólatíma.

Slök mæting er á fundi foreldrafélagsins en bekkjarfundir eru vel sóttir, kemur fram í rýnihópi foreldra.

Ábendingar

- Helstu niðurstöður foreldrakönnunar vorið 2008 eru þær að tæp 74% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast tæp 25% vera mjög ánægð.
- Meðaltalsánægja foreldra er 3.8 (af 5) í Rimaskóla en 4.0 í borginni allri og Rimaskóli er því fyrir neðan meðaltal í þessari spurningu.
- Rúm 76% foreldra segjast vera ánægð með stjórnunina, þar af um 34% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra í Rimaskóla með stjórnunina er jöfn meðaltali í borginni.
- Skólaráð virðist ekki vera virkt enn.
- Upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélags á heimasíðu skólans.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og kennara og telja þá hafa metnað fyrir skólanum. Annar aðstoðarskólastjórinn kom nýr að skólanum sl. haust og foreldrar meta það svo að hún taki á málum, komi með nýjungar í kennslu og lausnir á ýmsum málum. Foreldrar meta einnig starfsfólkið almennt sterkt og gott. Þeir telja sig fá nægar upplýsingar um skólastarfið, s.s. skóladagatalið. Aftur á móti nefna þeir að ekki berist alltaf upplýsingar um hvernig tekið er á málum sem upp koma í bekk eða hjá einstökum kennurum.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Samskipti við foreldra eru í föstum farvegi með námskynningum að haust, foreldraviðtölum tvisvar á ári og svo eru bekkjarkvöld. Að sögn foreldra í rýnihópi fer það eftir kennurum hve mikið samstarf og upplýsingamiðlun er milli kennara og foreldra. Foreldrar nefna einnig að kennarar hrósi ekki nóg og mættu nota Mentor meira til að miðla jákvæðum upplýsingum.

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,25 sem er mjög nálægt meðaltalsgildi grunnskóla (4,32).

Ábendingar

- Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og kennara. Miklar væntingar binda foreldrar við nýjan aðstoðarskólastjóra.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið eru nægar að mati rýnihóps.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli kennara og foreldra er misjöfn eftir kennurum.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Stefna Rimaskóla um nám og kennslu kemur fram í skólanámskrá en ekki á heimasíðu skólans. Í foreldrahandbók kemur m.a. fram að helsti áhersluþáttur í skólastarfinu er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái hámarksárangri, einnig að starfið mótist af metnaði og hvatningu (Foreldrahandbók Rimaskóla). Einkunnarorð skólans eru *regla – metnaður – sköpun*. Ekki er í stefnunni fjallað um kennsluhætti eða leiðir í námi. Í starfsmannahandbók er fjallað um hlutverk umsjónarkennara og birt erindisbréf kennara. Um heimanám segir að því skuli stillt í hóf og miðað við getu og kunnáttu nemenda (Starfsmannahandbók Rimaskóla). Í yngri bekkjum fá nemendur heimanámsáætlun en aðrir nemendur halda sjálfir dagbók yfir heimanám (Foreldrahandbók Rimaskóla).

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?“ töluvert lægra gildi en meðaltalsgildi úr grunnskólum í heild (2.73 í Rimaskóla miðað við 3,42 í öllum grunnskólum) og er það lægsta gildi allra skóla.

Í námskrám árganga og greina þar sem fjallað er um kennsluhætti koma fram áherslur á fjölbreyttar leiðir bæði í yngri deildum og eldri. Í kennsluáætlunum kemur fram hvað á að fara yfir eftir vikum, verkefni talin upp og sums staðar heimavinna.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn af stað í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5 (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Í skólanámskrá er ekki að finna umfjöllun um einstaklingsmiðað nám og markvissa samvinnu nemenda. Hjá kennara kemur fram að hver kennari ráði sínum kennsluháttum „maður er drottning í eigin ríki“. Sumir kennarar viðhafa einstaklingsmiðun, námsefni er aðlagð að nemanda í sumum tilvikum og einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá sem eru með sérþarfir, en að mati kennara er „svakalega erfitt að koma einstaklingsmiðuðu námi í kring“. Flestir reyna að brjóta kennsluna upp og hafa hana fjölbreytta en „sumir eru með gamlar aðferðir og hefðbundnar stofur“, kemur fram í rýnihópi kennara. Fyrir kemur að einstaklingar eða jafnvel hópur nemenda er nær óvirkur í tímum.

Yngsta stig

Í vettvangsathugunum kemur fram að skólstofur á yngsta stigi eru almennt vel útbúnar og verk nemenda prýða vegg. Í 1.-4. bekk hefur hver bekkur sína stofu og kennara. Í vettvangsathugunum eru nemendur almennt að vinna að sama grunnverkefni á sama tíma en stofur bera þess merki að verkefni eru fjölbreytt. Borðum er ýmist raðað í 3-4 borða raðir þar sem öll borðið snúa að töflunni eða klasa með 4-6 borðum. Í flestum tímum sem heimsóttir voru unnu nemendur einstaklingslega. Í hringekju vinna nemendur fjölbreytt verkefni og árgangurinn blandast í hópa, m.a. í textíl og smíðaverkefnum. Svipuð eða sams konar verkefni á veggjum bekkja í sama árgangi benda til þess að kennarar hafi samráð og samvinnu um viðfangsefni nemenda.

Vettvangsnótur vitna um fjölbreytt viðfangsefni á yngsta stigi, gott skipulag, styrka bekkjarstjórnun og jákvæð samskipti nemenda og kennara. Óróleika hjá einstaka nemendum taka kennarar á af festu (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir)³.

Umgengni virðist góð á yngsta stiginu og yfirleitt vel gengið um í stofum. Á göngum voru verkefni sem nemendur höfðu unnið.

Miðstig

Skólastofur miðstigs eru hlið við hlið á gangi á efri hæð skólans, hver bekkur hefur sína skólastofu. Við enda gangsins er vinnukrókur með borði og stólum sem nemendur geta nýtt. Önnur húsgögn eru ekki á ganginum hinsvegar ljósmyndir og verk nemenda. Öll umgengni virðist snyrtileg.

Kennslustofur er allar með eina tölvu við kennaraborð og sumar einnig með prentara. Víðast eru bekkjarreglur sýnilegar og einnig verk nemenda og kennsluveggspjöld. Stofurnar eru bjartar og snyrtilegar.

Vikan sem vettvangsathugunin fer fram er ekki hefðbundin og því hugsanlega ekki dæmigerð. Þessi vika er námsmatsvika og flestir bekkirnir taka próf. Vegna prófanna er uppröðun borðanna þannig að aðeins situr einn nemandi við hvert borð. Það er áberandi hvað nemendur vinna hljóðlega og ganga hratt til verka, hugsanlega hefur alvarleiki prófanna áhrif á það. Það einkennir flesta bekkina hve bekkjastjórnin er sterk, kennarinn stjórnar sínum hópi af festu og nemendur fara almennt umyrðalaust að fyrirmælum hans. Hegðun er því nær undantekningarlaust mjög góð. Nemendur virðast einnig vera vel meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim. Í 7. bekk og í einum 6. bekk er nokkuð um fagkennara en athugunin fer alltaf fram þegar umsjónarkennarinn er við kennslu. Það má draga þá ályktun að kennslan í þessum bekkjum sé almennt fremur hefðbundin, það virðist einkum vera um beina hópkenndu að ræða þar sem allir eða langflestir fylgjast að og vinna að sama viðfangsefni á sama tíma. Ekki er vísbending um stöðugt mat á verkum nemenda eða að kennarar styðji við framfarir með mati sínu í vinnubókum (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir).

Unglingastig

Í unglingadeild hefur hver kennari sína stofu og fær til sín nemendur í bekkjum eða hópum, getuskiptir hópar eru í 9. bekk í kjarnagreinum en ekki í 8. eða 10. bekk. Flestar stofurnar eru útbúnar sem sérgreinastofur og bera með sér hvað þar fer fram. Þannig eru veggspjöld tengd viðkomandi grein á veggjum, verkefni nemenda og námsgögn fyrir nám og kennslu á hverjum stað. Í flestum stofum eru borð í röðum 2-3 saman eða stök og snúa að töflu. Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir, nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega. Í stöku tímum er óróleiki og lítil virkni nemenda, þó var í flestum tímum sem heimsóttir voru góður vinnufriður (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir). Í rýnihóp nemenda kemur fram að nemendur geta lokið áætlun í skólanum og þá er lítið heimanám. Þeim finnst kennsluaðferðir fjölbreyttar en það er misjafnt eftir kennurum.

Boðið er upp á valgreinar í 9.-10. bekk, myndlist, heimilisfræði I og II, textíl og íþróttافرæði. Einn býðst nemendum að taka framhaldsskólaáfangi í fjarnámi við FB og málmsmíði við Borgarholtsskóla.

³ Vert er að taka fram að matið og vettvangsathugun byggir á stuttu innliti í skólastofur og kennslustundir þannig að ekki fæst yfirsýn yfir langtímaverkefni og markmið.

List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn, smíði á móti textíl og myndmennt á móti heimilisfræði eða sundi í 2.-8. bekk. Í 1. bekk er kennsla þessara greina á ábyrgð bekkjarkennara. Greinarnar eru val í 9. og 10. bekk, heimilisfræðin er vinsæl valgrein, þar eru sjö valhópar á unglingastigi.

Stofur fyrir list- og verkgreinar eru dreifðar um skólahúsnaðið þannig að ekki er um að ræða samstarf milli greina. Stofurnar eru rúmgóðar og útbúnaðar sýnishornum og verkum nemenda. Í vettvangsheimsókn ríkir vinnusemi og nemendur eru að vinna að ólíkri útfærslu á sama grunnverkefni (sjá fylgiskjal, vettvangsathuganir). Ekki var farið í heimsókn í íþróttatíma.

Skólasafn er staðsett á neðri hæð miðsvæðis, það er rúmgott og virðist vel búið bókum og gögnum. Á einum stað er átta tölvum raðað saman í eyju. Rýmið er stúkað í sundur með hillurekkum, í hverju bili eru þrjú hringborð. Við heimsókn á safnið eru þar 8-10 nemendur úr ýmsum bekkjum/árgöngum. Flest virðast komin til að fá lánaðar bækur. Tvær unglingstelpur sitja í sófa og lesa. Safnkennari aðstoðar hóp nemenda við að finna gögn sem bekkjarkennari virðist hafa sent þau til að sækja.

Námsmat

Í námskrám greina og árganga er fjallað um námsmat í hverri grein og í kennsluáætlunum er nánari lýsing á því hvað námsmatið felur í sér. Námið er varðað verkefnum og prófum. Skólaárinu er skipt í tvær annir og fá nemendur afhent námsmat í viðtali nemanda, foreldra og kennara í lok annar. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 1-10. Gefinn er skriflegur vitnisburður í 1. bekk (Foreldrahandbók Rimaskóla).

Ábendingar

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5.
- Spurning í vinnustaðagreiningu um hversu vel gengur að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda fær mjög lágt gildi í Rimaskóla.
- Stefna Rimaskóla um nám og kennslu kemur fram í skólanámskrá en ekki á heimasíðu skólans. Ekki er í stefnunni fjallað um kennsluhætti eða leiðir í námi.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í vettvangsathugunum, nemendur eru að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur að ólíkri útfærslu sama grunnverkefnis.
- Skólstofur eru útbúnaðar sem sérgreinastofur í unglingadeild og nemendur fara á milli stofa.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Í námskrám greina og árganga er fjallað um námsmat í hverri grein

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Deildarstjóri sérkennslu stjórnar og skipuleggur sérkennslu ásamt því að veita kennurum faglega ráðgjöf, segir í starfsmannahandbók. Samkvæmt starfslýsingu heldur hún reglulega fundi með sérkennurum, þroskaþjálfra og stuðningsfulltrúum. Í rýnihópi um sérkennslu kemur fram að ekki eru fastir fundir fyrir sérkennsluna, en haldnir fundir fyrir stuðningsfulltrúa. Þar kemur einnig fram að það sé greiður aðgangur að deildarstjóra fyrir sérkennara, en mikið álag.

Einnig er greiður aðgangur að öðrum stjórnendum, en skortir betra heildarskipulag þar sem sérkennslan er skipulögð með öðrum fögum, segja sérkennarar.

Í foreldrahandbók skólans kemur fram að markmið með sérkennslu í Rimaskóla er að... gera öllum börnum kleift að stunda skyldunám við sinn heimaskóla. Stefnt er að sem minnstri aðgreiningu og auknum sveigjanleika milli sérkennslu og almennrar kennslu, einkum fyrstu ár skólagöngunnar (Foreldrahandbók Rimaskóla 2008-2009).

Stefnan er falleg en við náum ekki að vinna með hana, segja sérkennarar í rýnihópi. „Við höfum búið okkur til stefnu sem miðar að því að öllum börnum geti liðið vel í skólanum og við vinnum eftir henni“. Að mati sérkennara vantar sérdeild með verklegum greinum, „gömlu deildirnar eins og þær voru“, það átti að koma upp starfsdeild í Grafarvoginum en fardeildin varð niðurstaðan, enda „erfitt að fara til baka í tíma og gera hlutina aftur eins og þeir voru áður“.

Aðstaða og aðbúnaður

Rými undir sérkennslu er víða um skólann eða á fjórum stöðum. Sérkennslan hefur verið flutt nokkrum sinnum á stuttum tíma, „hún vikur oftast fyrir öðru“. Rými sem er í kjallaranum var allt hugsað fyrir sérkennslu, það er lítið, „allt í lagi“ en samt ekki nógu gott að mati sérkennara. Þar eru 6 og 7. bekkur í íslensku og stærðfræði. Tölvubúnaður og annar búnaður er ekki góður að mati sérkennara og sérstaklega ekki fyrir unglingastigið. Tölvurnar eru gamlar nema á yngsta stiginu. Aðgengi fyrir fatlaða er frekar gott, það er reyndar enginn hreyfihamlaður í skólanum núna en við gætum tekið á móti hreyfihömluðum nemendum í skólanum.

Viðhorf og líðan:

Í heildina lítið sækja nemendur mikið í sérkennsluna, sérstaklega nemendur sem eru með þungar greiningar. Líðan þeirra er góð í sérkennslunni, „krakkar sem eru félagslega heftir og einangraðir treysta á okkur“.

Líðan kennaranna er ágæt, „ég er búin að vera hér síðan '95 svo mér hlýtur að líða vel. Eftir öll þessi ár finnur maður að börnunum vel og þá líður okkur vel, maður lætur annað ekki angra sig, það er kostur að vera á stórum vinnustað því þá finnur maður alltaf einhvern sem manni líður vel með,“. Fram kemur að sérkennarar óttast að starf þeirra verði skorið niður, „okkur finnst við vera ómissandi og krökkunum líka“.

Kennarar firra sig oft ábyrgð á nemendum sem þurfa sérkennslu, að mati sérkennara. Þeir taka ekki nógu mikinn þátt í að hugsa um nemendur og tilhneigingin er að losna við erfiðu börnin, börn með hegðunarvandamál. Þolið er meira gagnvart þroskahömluðum börnum. Viðhorf stjórnenda er svipað, sérkennarar eru settir í það hlutverk að taka ábyrgð. Viðhorf hjá öðru starfsfólki eru almennt mjög jákvæð gagnvart börnunum.

Sum börn koma í hvíld í sérkennsluna og „bekkurinn er allt annar þegar þessir krakkar eru í burtu, þannig að við skiljum þetta“. Líka kemur fyrir að „reyndir kennarar vilja láta okkur taka ábyrgðina og láta alla nemendur vinna eins, nota gömlu kennsluhættina og hugsa ekki um einstaklingsmiðað nám“.

Skipulag og úrræði:

Sérkennarar fara ekki inn í kennslustofur og vinna þar með krakkana, þó nefnir ein úr sérkennarahópnum að hún hafi farið inn í 6. og 7. bekk. Stuðningsfulltrúar eru inni í bekk í yngri deildum en ekki í unglingadeild.

Leitað er að nemendum með sérþarfir, með markvissum greiningum og skimunarprófum, en það fá ekki allir nemendur með þörf fyrir sérkennslu nægilega þjónustu, „það fá allir greiningu og einhverja þjónustu en kannski ekki nægilega mikla“, segir sérkennari.

Á yngsta stiginu eru frá 10 og allt upp í 20 börn í hóp „sem detta inn í öllum fögum“. Í 3.-6. bekk er kennt í hópum 10-11 nemendum saman og reynt að hafa einstaklingsmiðað nám. Á unglingastiginu eru 16-17 nemendur í hóp, í föstum tímum, „við erum samt með nemendur sem koma ef þau eiga í vandræðum með deilingu eða eitthvað slíkt“.

Upplýsingaflæði - samskipti

Sérkennarar telja samskiptin almennt góð, en oftast hafa þeir frumkvæði að samskiptum, en kennarar sjaldnar. Samskiptin eru vinsamleg en kannski ekki nógu markviss. Ekki er mikið mál að fá gögn frá einum kennara en meira mál ef kennararnir eru fleiri og þarf að hringja í marga kennara út af einum nemanda.

Samskipti við foreldra eru fín, það koma samt upp mál þar sem ekki er ljóst hver ber ábyrgð á að veita upplýsingar eða boða til funda, sérkennari eða bekkjarkennari.

Atferlisver

Einn kennari er í atferlisverinu og sér um skipulag, kennslu og samstarf vegna nemenda. Stuðningsfulltrúi kemur inn í 3-4 tíma á viku ef hann er ekki í öðrum verkefnum. Flestir nemendur fylgja áætlun síns bekkjar og fær kennari versins áætlunina með nemandanum. Ákvörðun um inntöku í verið er í höndum starfsmanns og aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra sérkennslu. Þegar nemandi byrjar í atferlisveri er farið yfir þá hegðunarbætti sem hefur brotið á og hvernig hefur verið brugðist við þeim í bekknum, hvað hafi verið gert. Að þessu loknu setur nemandinn sér hegðunarmarkmið.

Nemendur í deildinni koma í ákveðna tíma. Aðrir koma tímabundið, t.d. þegar forfallakennsla er í bekknum þeirra og þeir ráða ekki við þær breytingar. Einnig koma ákveðnir nemendur til að vinna sérstök verkefni, t.d. próf. Nokkrir nemendur hafa atferlisverið sem leið út úr vandræðum. Þá geta þeir valið þá leið að koma þegar þeir lenda í aðstæðum sem þeir ráða ekki við. Sumir hafa atferlisverið sem skjól í lengri tíma, jafnvel alla skólagönguna.

Við útskrift nemenda er gerð áætlun um endurkomu þeirra í bekkinn sinn eða áætlun um að auka veru nemenda þar. Byrjað er á einum tíma og aukið síðan við þar til nemandinn er heilan stuttan dag í bekknum sínum. Mjög algengt er að útskrifaðir nemendur biðji um að fá að koma aftur í verið.

Ráðgjöf - Þjónustumiðstöð

Sérkennarar geta leitað til deildarstjóra um ráðgjöf. Sálfræðingur er í tengslum við skólann en ekki sérstaklega við sérkennara.

Lausnateymi/ráðgjafarteymi er ekki lengur starfandi við skólann.

Nemendaverndarráð fundar vikulega á starfstíma skólans.

Ábendingar

- Leitað er að nemendum með sérþarfir, með markvissum greiningum og skimunarprófum .
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna og starf þeirra sem að henni koma, en ekki eru fastir fundir með sérkennurum.
- Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar í námsverum.
- Vantar meira skipulag á samstarf milli sérkennslu og kennaranna í skólanum
- Atferlisver tekur við nemendum með náms- og/eða hegðunarerfiðleika til lengri eða skemmri tíma.
- Lausnateymi/ráðgjafarteymi er ekki starfandi við skólann.

Skólaþróun og mat

Í sjálfsmatsskýrslu Rimaskóla er fjallað um matsverkefni sem áætlað er að vinna að í Rimaskóla árin 2008-2010. Þar kemur fram hver tilgangur matsverkefnis er, hvernig matið er framkvæmt, niðurstöður matsins, þ.e. hvaða vitneskju er búist við að fá úr matinu og loks næstu skref sem vísa til þess hvað gera skal með niðurstöður. Sjálfsmatsskýrsla er því matsáætlun fyrir þessi þrjú ár ásamt efni í umbótaáætlun. Í skýrsluna vantar mat á stöðu skólans, þ.e. vitnisburð um það hvernig skólinn stendur í einstökum þáttum skólastarfsins.

Í skorkorti skólans fyrir skólaárið 2008-2009 eru sett fram alls 40 umbótaverkefni undir 13 áhersluþáttum og tilgreind markmið, lýsing verkefnis, tímaáætlun og verklok, mat og ábyrgð fyrir hvert verkefni. Meðal áhersluþátta er *líðan nemenda* og verkefni sem því tengjast, s.s. sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir nemendur og skólavinir; annar þáttur er að *efla menntun og þroska nemenda á forsendum hvers og eins*, meðal verkefna sem því tengjast eru að leggja fyrir Logos-lestrarpróf og val í 9. og 10. Bekk og *stuðla að góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla*.

Ekki kemur fram hvort val umbótaverkefna byggir á mati eða greiningu á stöðu skólans. Þörf er á að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og meta einnig hvort um raunveruleg umbótaverkefni er að ræða eða fasta liði í skólastarfi. Einnig þarf að skilgreina mælikvarða til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hefur náðst að verkefni loknu.

Ábendingar

- Í sjálfsmatsskýrslu Rimaskóla er fjallað um matsverkefni sem áætlað er að vinna að í Rimaskóla árin 2008-2010. Þar kemur fram matsáætlun fyrir þessi þrjú ár og ásamt efni í umbótaáætlun. Í skýrsluna vantar mat á stöðu skólans.
- Í skorkorti skólans fyrir skólaárið 2008-2009 eru settar fram alls 40 umbótaverkefni undir 13 áhersluþáttum.
- Þörf er á að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og skilgreina mælikvarða skýrar til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hefur náðst.

Virk upplýsingamiðlun

Heimasíða

Heimasíða Rimaskóla hefur nýlega verið endurgerð. Síðan er nokkuð aðgengileg og fréttir uppfærðar reglulega. Auðvelt er að átta sig á því hvar upplýsingar er að finna.

Töluvert vantar þó upp á að upplýsingar séu á síðunni sem þar eiga að vera. Skólanámskrá er ekki birt og ekki námskrár, gert er ráð fyrir að námsáætlanir birtist en töluvert vantar upp á að þær birtist í öllum greinum. Ekki eru upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun á heimasíðunni. Upplýsingar vantar um skólaráð og starf foreldrafélags (sjá fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá).

Ábendingar

- Heimasíða Rimaskóla hefur nýlega verið endurgerð. Síðan er nokkuð aðgengileg og fréttir uppfærðar reglulega.
- Töluvert vantar þó upp á að upplýsingar séu á síðunni sem þar eiga að vera.
- Skólanámskrá er ekki birt og ekki námskrár og ekki eru upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun á heimasíðunni.

Skólanámskrá og starfsáætlun

Stefna skólans kemur skýrt fram í þeim gögnum sem skilað er í skólanámskrá. Kjörorð skólans eru: regla, metnaður, sköpun.

Skólanámskrá Rimaskóla skiptist í námskrár greina eftir árgöngum, foreldrahandbók og starfsmannahandbók. Í foreldrahandbók er að finna kafla um almennar upplýsingar um skólann, stjórnun og skrifstofu, hlutverk umsjónarkennara, foreldrasamstarf. Fjallað er um stoðkerfi og sérkennslu, skólaheilsugæslu og félags- og tómstundastörf. Í starfsmannahandbók er m.a. fjallað um starfsmannastefnu Rimaskóla, birtar eru starfslýsingar starfsmanna, almennar upplýsingar og áfallaáætlun skólans. Upplýsingar eru um menntasvið Reykjavíkurborgar, stéttarfélag starfsmanna, móttökuáætlun og kennslu nýbúa, sérkennslu og stoðþjónustu.

Kafla er um skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim ásamt upplýsingum um punktakerfi vegna skólasóknar. Skóladagatal er einnig birt. Í námskrám eru birt markmið einstakra námsgreina eftir árgöngum, markmið, kennsluhættir, námsmat og námsefni.

Á heimasíðu er gert ráð fyrir að námsáætlanir birtist fyrir hvern árgang. Fyrir nemendur í 1.-6. bekk er aðeins birt námsáætlun í heimilisfræði, fyrir 7.-10. bekk er að finna námsáætlanir í fleiri greinum en ekki öllum.

Fjallað er um flesta þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Rimaskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.

Þættir sem ekki koma fram eru:

- hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
- jafnréttisáætlun
- verklagsreglur um umgengni
- verklagsreglur um slysavarnir
- tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið
- upplýsingar um umhverfisstefnu og vistvænan rekstur (sjá nánar fylgiskjal, gátlisti um skólanámskrá).

Námskrár fyrir árganga og greinar

Í námskrám og námsáætlunum eru upplýsingar um hverja námsgrein þar sem kemur fram fyrir hvern árgang hver eru markmiðin sem unnið er að, kennsluhættir, námsmat og námsgögn. Námsáætlanir eru ýmist gerðar fyrir önnina eða skólaárið og skipt upp í tímabil, oftast viku í senn. Þar er fjallað um viðfangsefni, próf og heimanám eftir tímabilum. Námskrár og kennsluáætlanir fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum.

Ábendingar

- Stefna skólans í námi og kennslu kemur skýrt fram í gögnum en ekki á heimasíðu.
- Fjallað er um flesta þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Rimaskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram. Umfjöllun um eftirtalda þætti vantar:
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - jafnréttisáætlun
 - verklagsreglur um umgengni
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið
 - upplýsingar um umhverfisstefnu og vistvænan rekstur
- Gefnar eru út námskrár og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Umhverfisstefna virðist ekki hafa verið unnin í Rimaskóla né áætlun um vistvænt skólaumhverfi.

Samkvæmt foreldrakönnun vorið 2008 var ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, leikaðstöðu á skólalóð, og gæslu á skólalóð minni en áður og undir meðaltalinu fyrir árin 2000-2006. Áberandi kvartanir komu fram um slæmt ásigkomulag húsnæðis og voru lausar stofur sem notaðir eru til kennslu nefndar sérstaklega. Sömu atriði eru nefnd í rýnihópi foreldra.

Nemendum finnst þau örugg í skólanum og á lóðinni, kemur fram í rýnihópi þeirra, en þau tala líka um að sumir séu að „graffa“ og brjóta rúður og finnst það leiðinlegt. Þau eru meðvituð um að skemmdarverk kosta þeinga sem annars væri hægt að nota til að bæta aðbúnað þeirra.

Rýmingaráætlun liggur fyrir í skólanámskrá.

Reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa fór fram 15. desember 2008. Gerðar eru athugasemdir vegna hættulegra efna í smíðastofu sem eiga að vera í lokuðum skápum en eru á borðum, einnig við staðsetningu véla, athugasemd er gerð við handlaug í heimilisfræðistofu og nokkrar athugasemdir eru gerðar við leiktæki á lóð þar sem m.a. þarf að yfirfara festingar.

Í áhættumati fyrir Rimaskóla virðist hafa verið farið yfir húsnæði og aðstöðu og nefndir eru 15 staðir og þættir sem þarfnast úrbóta á yfirstandandi skólaári, fram kemur að þegar hefur verið bætt úr sumum þáttum. Ekki kemur fram hvort vinnuumhverfisvísir Vinnueftirlitsins var notaður við matið eða hverjir framkvæmdu það. Meðal þátta sem þarfnast úrbóta eru:

- Aðgreina þarf ljósritunaraðstöðu frá setustofu kennara.
- Hljóðtoppar í íþróttasal eru slæmir.

- Skipta þarf út blöndunartækjum í heimilisfræðistofu.
- Athuga þarf loftskipti í náttúrufræðistofu.
- Hlífar vantar á sagir í smíðastofu.
- Loftræstingu er ábótavant í kennslustofum og herbergi íþróttakennara.
- Flokkun sorps þarf að byrja sem fyrst.

Ábendingar

- Í Rimaskóla hefur ekki verið mótuð umhverfisstefna og ekki er getið um verkefni tengd endurnýtingu og endurvinnslu.
- Ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, leikaðstöðu á skólalóð, og gæslu á skólalóð er minni nú en áður og undir meðaltalinu fyrir árin 2000-2006.
- Nemendum finnst þau örugg í skólanum og á lóðinni, kemur fram í rýnihópi þeirra.
- Áhættumat liggur fyrir, nokkra öryggisþætti þarf að skoða.
- Rýmingaráætlun liggur fyrir.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

Alls starfa 108 starfsmenn í Rimaskóla haustið 2008. Viðhorfakönnun vorið 2008 sýndi að starfsánægja í skólanum mælist aðeins lægri en á MSR almennt, sú fullyrðing mælist 3,76 (á starfhæfu bili)⁴ miðað við heildarmeðaltalið 3,92. Fullyrðingin „Mér finnst góður starfsandi ríkja á mínum vinnustað“ fær gildið 2,98 sem er lægsta gildi í þessari mælingu (meðaltalsgildið var 4,10). Í vinnustaðagreiningunni 2007 mældist starfsánægja og afstaða gagnvart vinnuveitanda umtalsvert lægri í Rimaskóla en að meðaltali í Reykjavík og niðurstöður mælinga í skólanum lækkuðu mikið á milli áráanna 2005 og 2007. Svarhlutfall í greiningunni var 74% sem er svipað heildarsvarmeðaltali (77%). Svarhlutfall skólans í viðhorfakönnuninni 2008 var töluvert lægra en í vinnustaðagreiningunni eða 49% (meðalsvarhlutfall var 66%).

Í greiningunni 2007 mældust tíu mestu frávík Rimaskóla frá grunnskólum í heild öll neikvæðari en almennt í grunnskólum borgarinnar:

- Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað/skóla.
- Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað.
- Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild.
- Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla.
- Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði og breytingar innan míns vinnustaðar/skóla.
- Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?
- Á mínum vinnustað/skóla leitum við stöðugt nýrra tækifæra til að bæta árangur okkar.
- Ég er hvattur/hvött til að koma með hugmyndir um hvernig má gera betur.
- Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú munir reyna að skipta um vinnustað á næstu 12 mánuðum?
- Næsti yfirmaður minn drífur verkefni áfram.

Í vinnustaðagreiningunni 2007 voru helstu breytingar allar neikvæðar frá mælingunni 2005 og laut mesta neikvæða breytingin að afstöðu gagnvart starfsanda á vinnustaðnum en aðrar m.a. gagnvart stjórnun, vinnuveitanda og starfsvettvangi. 4,4% starfsmanna í viðhorfakönnuninni vorið 2008 töldu sig lagða í einelti á vinnustaðnum (2 af 45 starfsmönnum).

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsandinn væri „þokkalega eða almennt góður“, hópaskipting í starfsmannahópnum væri hinsvegar töluverð, óánægja meðal starfsmanna nokkur og fámennur hópur í skólanum væri ráðandi í umræðu. Það var rætt að starfsmenn kæmu ekki fram hver við annan af virðingu og hópurinn væri fastur í „leiðindamóral“. Fram kom að töluvert vantaði upp á að starfsfólkið ynni sem ein heild og lítill áhugi væri á að hittast utan vinnu. Þó kom fram hjá nýjum kennara að það hefði verið gott að byrja í haust. Einnig að karlarnir á vinnustaðnum eru samrýmdir og eru með klúbb. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að vinnustaðurinn væri ekki stéttskiptur og hópurinn blandaðist vel. Einnig var rætt um að lítið sem ekkert hefði breyst eftir að starfsmannahópurinn fékk svokallaða „Capacent meðferð“.

⁴ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Samstarf

Fundir í Rimaskóla fylgja reglubundnu mynstri, fastur fundartími er á þriðjudögum, fyrst eru árganga- og fagfundir frá 14-15:30 en síðan kennarafundir til 16:30. Tvisvar í mánuði eru almennir starfsmannafundir. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra fundar stjórnendateymi tvisvar í viku, annars vegar skólastjórnendur með ráðgjafa skólans og hinsvegar fundar stjórnendateymi skólans, þ.e. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar sérkennslu og tölvu- og upplýsingatækni.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fær fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 3,38 sem er langt frá meðaltalsgildi MSR (4,10) og er þetta lægsta gildið í mælingunni. Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ fær einnig lágt gildi (3,56 miðað við 4,03 sem er heildarmeðaltalið). Í vinnustaðagreiningunni 2007 mældust fullyrðingar er mæla viðhorf til liðsheildar og samvinnu töluvert lægri en meðaltal annarra grunnskóla í borginni. Við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ fékk skólinn lægsta gildið í mælingunni (2,49 miðað við heildarmeðaltal 3,61) og eins þegar spurt er um þverfaglega samvinnu⁵.

Í samtali við skólastjóra lýsti hann því að stjórnendur væru samhentir, hefðu með sér samráð og hefðu átt gott samstarf. Í rýnihópi stjórnenda (deildarstjórar og aðstoðarskólastjórar) kom fram að skólastjórnendur funduðu vikulega með ráðgjafa skólans en að los hefði verið í vetur á fundum stjórnenda með deildarstjórunum tveimur og stjórnendateymið sem slíkt hefði lítið fundað. Deildarstjórar lýstu því að þeir teldu sig ekki vera vel upplýsta um að hvaða málum skólastjórnendur væru að vinna. Það kom einnig fram að aðstoðarskólastjórar fengu í fyrsta skipti aðgang að fjárlagaramma skólans í haust en fram að því hefði skólastjóri haldið einn utan um fjármál skólans.

Í rýnihópum kom fram að meiri samvinna á milli kennara væri æskileg. Kennarar væru t.d. ekki að skipta sér af nemendum úr öðrum bekkjum á göngum skólans. Rætt var um að kennarar þyrftu að fylgja nemendum betur eftir milli kennslugreina, lítil upplýsingamiðlun væri t.d. milli sérgreinakennara og umsjónarkennara. Það var rætt um að togstreita og samanburður ríkti milli kennara, t.d. um nemendafjölda og umbun í tímafjölda. Það kom einnig fram að lítil umræða færi fram á starfsmannafundum, fámennur hópur tjáir sig og fólk færi frekar til skólastjóra eftir fundi ef það væri ósátt við ákvarðanir. Eins væri samráðstími kennara illa nýttur. Þá var einnig rætt um að skýra þyrfti boðleiðir milli kennara, s.s. um hvaða kennarar eða stuðningsfulltrúar eru veikir. Á svipuðum nótum var rætt um í rýnihópi starfsfólks, að það vantaði upplýsingar um forföll, þannig að ákveðin svæði á skólalóðinni væru dekkuð þó einhvern vantaði. Einnig kom fram að kennarar hefðu verið kallaðir til við að aðstoða við gerð skóladagatals en upplifðu að vinnuframlag þeirra hefði ekki miklu skilað og þeirra sjónarmið ekki virt. Það kom einnig fram í rýnihópi að ásýnd á skrifstofu mætti vera faglegri og meiri festa þar ríkjandi.

Ábendingar

- Starfsánægja í skólanum mælist aðeins lægri en almennt í skólum í borginni (viðhorfakönnun 2008).

⁵ Hversu góð eða slæm er þverfagleg samvinna, þ.e. samvinna milli starfsfólks í ólíkum störfum með ólíka menntun, á þínum vinnustað? fékk gildið 2,86 í Rimaskóla en 3,62 í grunnskólum í heild. Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 3,70 (heildarmeðaltalsgildi 4,13).

- Spurning um góðan starfsanda fær lægsta gildi í Rimaskóla af öllum skólum borgarinnar (vinnustaðagreining 2007).
- Í vinnustaðagreiningunni 2007 voru helstu breytingar allar neikvæðar frá mælingunni 2005.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsandinn væri „þokkalega eða almennt góður“, en hópaskipting í starfsmannahópnum væri töluverð og óánægja meðal starfsmanna væri nokkur.
- Samvinnu og upplýsingamiðlun milli kennara og milli stjórnenda þarf að bæta.

Samstarf og samskipti við foreldra

Í vinnustaðagreiningu 2007 fær spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ gildið 4,25 sem er mjög nálægt meðaltalsgildi grunnskóla (4,32). Í viðhorfakönnun 2008 telja starfsmenn Rimaskóla sig ekki verða fyrir meiri áreitni/einelti frá nemendum og foreldrum en almennt á MSR (24,4% svarenda í Rimaskóla telja sig hafa orðið fyrir áreitni miðað við meðaltalshlutfallið 30,5%). Hlutfall þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá nemendum/foreldrum á síðustu 12 mánuðum er einnig svipað í Rimaskóla (4,4) og meðaltalshlutfall MSR (3,9%).

Þegar samstarf og samskipti við foreldra voru rædd í rýnihópum var það á jákvæðum nótum, starfsfólk lýsti almennt ágætu samstarfi við foreldra. Á tímabili voru foreldrar ekki mikið inni í skólanum en það hefur nú aukist, tekið var upp *föstudagsfjör* í fyrravetur og foreldrar hafa mætt vel nema helst foreldrar barna í unglingadeildum. Langflestir foreldranna mæta á foreldradögum. Misjafnt er hversu mikið kennarar færa inn í Mentor og fram kom að aðstoðarskólastjóri hefði verið að vinna í því í vetur að fá kennara til að nota Mentor meira. Það kom einnig fram að hefðin væri að foreldrar leituðu með mál til aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra en sumir foreldrar leituðu þó alltaf beint til skólastjóra.

Ábendingar

- Samskipti starfsmanna við foreldra virðast almennt ganga vel.
- Upplýsingamiðlun í Mentor þarf að bæta.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á haustönn 2008. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁶ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 35 kennslustundir á önninni⁷, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 6 kennsludaga á haustönn 2008.

Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi í 33 stundir á haustönn 2008, undir fjarvistir falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að aðrir starfsmenn en kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi rúma 4 vinnudaga á haustönn 2008.

Ábendingar

- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.

⁶ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁷ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

Símenntun og starfsþróun

Í símenntunaráætlun fyrir Rimaskóla skólaárið 2008-2009 er námskeiðum og fræðslufundum raðað niður og dreift á skólaárið. Fram kemur að m.a. er verið að vinna að bættum starfsanda og líðan og sterkri skólamenningu undir stjórn sálfræðings. Sérstakar kynningar eru fyrir nýja kennara og stakir fræðslufundir um fagleg málefni og kynningar kennara á nýbreytni í starfsháttum. Í áætluninni kemur aðeins fram sameiginleg símenntun. Í viðtölum kom fram að margir starfsmenn eru í framhaldsnámi meðfram starfi og verið er að skoða hvort þörf þeirra fyrir leyfi frá starfi sé innan marka þess sem skólinn veitir.

Þær fullyrðingar í vinnustaðagreiningunni 2007 sem greindu viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mældust með umtalsvert lægra gildi í Rimaskóla en í grunnskólum almennt. Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fékk gildið 3,06 sem var lægsta gildið í könnunni (3,76 var heildarmeðaltalsgildi grunnskólanna). Einnig fékk fullyrðingin „Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 3,14 (miðað við heildarmeðaltalsgildi 3,58). Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 fær skólinn gildið 3,69 við fullyrðingunni „Ég hef fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum“ (4,02 var heildarmeðaltalsgildið fyrir MSR). Spurningin „Ég tel að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma“ fær gildið 2,63 (3,08 er heildarmeðaltal MSR).

Símenntun var rædd í tveimur rýnihópum. Því var lýst að símenntun væri núna meira miðstýrð innan skólans, ekki lengur þannig að hver ætti að sjá um sig þegar kæmi að fræðslu og þjálfun. Sum verkefni, s.s. Olweus hafa verið fyrir alla starfsmenn en svo er mismunandi hvað hver hópur sækir, starfsmenn lýstu t.d. gagnsemi námskeiða vegna barna með sérþarfir. Það kom einnig fram að hjúkrunarfræðingur skólans væri virk í fræðslu fyrir starfsmenn. Kennarar telja sig þurfa að sitja sameiginlega símenntun sem ætti ekki endilega við þá erindi og vildu meira val. Þannig töldu kennarar á unglingastigi sig hafa takmarkað gagn af fræðslu um lestrarkennslu á yngsta stigi og sérgreinakennarar hefðu ekki endilega gagn af þess konar faglegri umfjöllun. Það kom einnig fram að Olweusar-verkefnið hefði fjarað út í skólanum, þar sem því hefði ekki verið haldið við. Starfsmaður sagðist hafa orðið var við að fyrirlesarar sem koma til að halda fræðsluerindi töluðu um að kennarar í skólanum væru að líta á klukkuna og gæfu í skyn að þeir biðu eftir því að tíminn liði.

Í viðhorfakönnuninni 2008 höfðu 53,3% þeirra sem svöruðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum. Í rýnihópunum var einnig rætt um starfsmanna/starfsþróunarsamtöl. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að skrifstofustjórinn hefði tekið starfsmannasamtöl í fyrra og voru þau frjálst val. Fólk mátti ráða því hvort það mætti, ef það vildi tala um eitthvað sérstakt. Í rýnihópi kennara var rætt um að kennarar hefðu farið í starfsmannasamtal í fyrra til skólastjóra en töldu hann ekki trúá samtölin, fundist eins og hann hefði ekki undirbúið sig fyrir þau og engin niðurstaða væri sjáanleg.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í símenntunaráætlun fyrir Rimaskóla skólaárið 2008-2009 er námskeiðum og fræðslufundum raðað niður og dreift á skólaárið.
- Viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mældust með umtalsvert lægra gildi í Rimaskóla en í grunnskólum almennt.
- Kennarar vilja meira val um símenntun og ekki þurfa að sitja fræðslu um það sem ekki tengist þeirra starfi beinlínis.
- Samkvæmt könnun hafa 53,3% starfsmanna farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.

Jafnrétti og jafnræði

Í viðhorfakönnuninni 2008 fékk Rimaskóla lægsta gildi vinnustaða innan MSR þegar greind voru viðhorf til jafnréttis og jafnræðis á vinnustaðnum. Fullyrðingin „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ fékk gildið 3,23 (meðaltalsgildið var 4,02) og fullyrðingin „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis á gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“ fékk gildið 2,95 (meðaltalsgildið var 3,88). Í vinnustaðagreiningunni 2007 fékk fullyrðing er greindi viðhorf gagnvart jafnrétti kynjanna einnig lágt gildi í Rimaskóla⁸. Togstreitu milli starfsmanna og hópamyndun má, e.t.v. rekja til þess að starfsmenn telja sér mismunað eins og fram kom í viðtölum og rýnihópum.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnuninni 2008 fékk Rimaskóla lægsta gildi vinnustaða innan MSR þegar greind voru viðhorf til jafnréttis og jafnræðis á vinnustaðnum.
- Togstreitu milli starfsmanna og hópamyndun má, e.t.v. rekja til þess að starfsmenn telja sér mismunað.

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni vorið 2008 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf“ með gildið 3,62 miðað við heildarmeðaltal MSR sem er 3,74. 17,8% svarenda sögðust vera ósammála þessari fullyrðingu.

Þegar rætt var um aðbúnað kom fram að mikill hávaði væri fram í matsal og á gangi fyrir framan íþróttahús. Rætt var um hönnun skólans, litlar kennslustofur miðað við nemendafjölda og að skógeymslur væru vandamál þar sem nemendur væru inni frekar en að fara út í frímínútur. Það kom fram í rýnihópi um sérkennslu að sérkennslurými sem væru á fjórum stöðum væru of lítil og rými í kjallara væri ekki hagsað sem sérkennslurými. Rætt var einnig um að tölvubúnaður væri mjög gamall, sérstaklega sá sem notaður væri á unglingastigi.

Ábendingar

- Athuga þarf hvort hægt er að bæta aðbúnað á vinnustaðnum þar sem er ábótavant.

Stjórnun og skipulag

Skólastóri og aðstoðarskólastjórar skipta með sér verkum við stjórnun skólans og að mati skólastjóra eru þeir samhentir. Tveir aðstoðarskólastjórar starfa við skólann og sér annar þeirra um unglingastigið, deildarstjóri sérkennslu og deildarstjóri tölvumála teljast til stjórnunarteymis. Stjórnendateymi, fundar vikulega að sögn og skrifstofustjóri og umsjónarmaður koma inn á fundina eftir þörfum. Fram kemur einnig að fundir hafa verið stopulir á haustönn 2008. Sérstakur ráðgjafi hefur unnið með stjórnendum frá hausti 2007.

Starfslýsingar stjórnenda liggja fyrir í starfsmannahandbók, þar kemur fram ábyrgðarsvið og verkefni hvers þeirra. Nokkur skipti hafa verið á aðstoðarskólastjórum undanfarin ár. Samstarf í stjórnunarteymi hefur verið gott og reglulegt að mati skólastjóra, en annað kemur fram hjá millistjórnendum. Stjórnendateymið þyrfti að hittast oftara að mati millistjórnenda og hafa

⁸ Fullyrðingin „Á mínum vinnustað/skóla eiga kynin jafna möguleika á starfsframa“ fékk gildið 3,40 (meðaltalsgildið var 4,05).

meira samráð. Í öðrum rýnihópum kemur fram að skólastjóri eigi til að vera einráður og jafnvel að breyta áður teknum ákvörðunum upp á einsdæmi.

Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast rúm 76% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast um 34% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægjan er 4,0 og hefur lækkað úr 4,2 frá árinu 2006. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2008 er 4,0 og ánægja foreldra í Rimaskóla með stjórnunina því jöfn meðaltali. Í rýnihópi foreldra kemur fram að þeim finnst skólastjóri hafa metnað fyrir skólanum og vera duglegur að kynna skólann og það sem vel er gert í fjölmiðlum. Margt hafi breyst til hins betra í stjórnun á síðustu árum og nefna þau sérstaklega ráðgjafa sem kom að skólanum og aðstoðarskólastjórana. Starfsmenn í rýnihópi lýstu einnig ánægju með það skólastjóri væri duglegur að kynna skólann og vekja athygli á viðburðum í fjölmiðlum. Það kom þó fram að skákinni þykir fullmikið hampað.

Í viðhorfakönnuninni 2008 fékk fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ töluvert lægra gildi í Rimaskóla en almennt á MSR (2,87 miðað við 3,73 sem er heildarmeðaltalsgildi). Traust til næsta yfirmanns mælist nokkuð lægra (gildið 3,75 miðað við heildarmeðaltalsgildið 4,22) og á svipaðan hátt mælist gildi þess hve starfsfólk er ánægt með samskiptin við næsta yfirmann einnig töluvert lægra (3,67 miðað við heildarmeðaltalið 4,18). Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fékk gildið 2,80 í vinnustaðgreiningunni 2007 sem er lægsta gildið í könnuninni (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Í greiningunni 2007 fengu raunar flestar fullyrðingar er mæla viðhorf til stjórnunar lægsta gildi í Rimaskóla af grunnskólum borgarinnar.

Í rýnihópum lýsti starfsfólk almennt ágætum samskiptum við stjórnendur, þau væru velviljuð og reyndu að styðja við starfsfólk skólans. Starfsmenn og kennarar voru ekki alveg sammála um hvort aðgengi að stjórnendum væri gott, sumir töldu stjórnendur vera aðgengilega en aðrir sögðu aðgengi mætti vera betra. Í rýnihópi um sérkennslu kom fram að góður aðgangur væri að deildarstjóra sérkennslu, þó hún væri ekki með fasta fundartíma. Það kom einnig fram að stjórnendur mættu vera sýnilegri í skólastarfinu. Aðstoðarskólastjóri á unglingastigi væri þó sýnileg í unglingadeild en væri búin að vera töluvert frá og skólastjóri sinnti unglingastigi ekki mikið. Auðvelt hefði verið að nálgast aðstoðarskólastjóra á yngri barna stigi sem t.d. væri búin að vera góður stuðningur við agavandamál í bekkjum. Skólastjóri væri sjálfur duglegur að sinna því sem við kemur skákinni og hefði mikinn metnað fyrir því en mætti illa á aðra viðburði í skólanum, Skrekk og þess háttar.

Rætt var um að nýr aðstoðarskólastjóri á yngra stigi legði sig fram við að aðstoða kennara og eins styddi aðstoðarskólastjóri á eldra stigi vel við sitt fólk í unglingadeild. Það kom fram að aðstoðarskólastjórarnir báðir væru undir miklu álagi og þyrftu að þola mikið áreiti úr öllum áttum. Í rýnihópum starfsmanna kom fram að þeir teldu stjórnendur ekki passa nægilega vel saman og það væri skólastjóri sem réði. Fram kom að það þýddi ekkert að setja einhverjar reglur, ákveðnir aðilar færu til skólastjóra og fengju þeim umsnúið. Einn starfsmaður lýsti því svo að samstarf stjórnenda hefði verið í ólagi við skólann um árabil.

Starfsmenn lýstu góðum samskiptum við skólastjóra, hann væri velviljaður og vildi koma til móts við starfsfólkið. Hinsvegar kom fram að erfitt væri að reiða sig á ákvarðanir þar sem hann skipti iðulega um skoðun og breytti fyrri ákvörðunum. Því var haldið fram að ákveðinn hópur innan skólans nýtti sér þetta og tækist nokkuð oft að fá ákvörðunum snúið. Þetta skapaði óöryggi meðal starfsmanna, þeir gætu ekki reitt sig á að það sem væri búíð að kynna fyrir þeim stæðist. Það kom fram í umræðu um skólastjóra að hann væri góður hlustandi en

Það kom einnig fram í umræðunni að hann hefði karllægar skoðanir og sýndi konum ekki sama skilning og körlum, ekki voru þó allir sammála um þetta. Einhverjir starfsmanna upplifðu að skólastjóri héldi ekki trúnað nægilega gagnvart því sem honum hefði verið trúnað fyrir í einkasamtölum.

Þegar rætt var um hrós komu fram mismunandi sjónarmið. Einn starfsmaður lýsti því að hann fengi hrós frá stjórnendum, annar sagðist aldrei fá hrós. Skólastjóri var sagður hrósa stundum hópnum á fundum en fólk tæki það ekki til sín persónulega og gæti því ekki svarað í könnunum að það fengi hrós. Einnig kom fram að hann hrósaði stundum í gegnum tölvupóst. Þegar rætt var um stjórnun í rýnihópi starfsmanna kom það fram að húsvörður taldi það ekki viðeigandi að hrósa hverjum og einum starfsmanni. Það kom fram að starfsmenn upplifðu að þeir sem væru rólegir og samviskusamir fengju sín störf ekki metin en „hávaðaseggirnir“ fengju síðan klapp á bakið. Í rýnihópi millistjórnenda kom fram að stjórnendur teldu sig hrósa sínu fólki. Aðstoðarskólastjórar sögðust reyna að hafa þokkalega yfirsýn yfir það hvernig kennarar væru að sinna kennslunni í skólanum, en vildu geta sinnt því meira að ganga inn í stofur og þess háttar. Deildarstjóri sérkennslu sagðist vera með ákveðið skipulag sem færi úr skorðum ef kennarinn færi ekki eftir því og sérkennslutímar færu þar með til ónýtis. Deildarstjóri tölvumála taldi sig hafa þokkalega yfirsýn yfir hvað kennarar væru að gera í tölvumálum, en svólítið væri um það að kennarar hefðu ekki alveg vald á notkun tölvubúnaðar.

Fullyrðingar er lúta að hrósi og hvatningu eru á aðgerðabili í könnunni 2008 og fá töluvert lægra gildi en heildarmeðaltal MSR. Fullyrðingin „Ég fæ iðulega hvatningu frá næsta yfirmanni mínum“ fékk gildið 3,20 (3,58 heildarmeðaltal MSR) og „Mér er hrósað af mínum næsta yfirmanni þegar ég stend mig vel“ fékk gildið 3,27 (3,69 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Mér finnst tekið tillit til skoðana minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar“ fékk gildið 3,44 (3,88 heildarmeðaltal MSR). Fullyrðingin „Upplýsingastreymi til starfsmanna á mínum vinnustað er gott“ mældist með aðeins lægra gildi (3,33) en heildarmeðaltal MSR (3,50).

Í rýnihópi stjórnenda kom fram að mikið áreiti væri á aðstoðarskólastjórum, þær fengju mikið til sín vandamál nemenda sem kennurum tækist ekki að leysa. Þær töldu raunar að styrkja þyrfti kennara frekar í ráða við mál eins og ef nemendur lærðu ekki heima, sem dæmi um mál er vísað væri til stjórnenda. Stjórnendur telja kennara og starfsfólk hafa að sér gott aðgengi, milli kl. 14-17 væri tími til að sinna ýmsum málum í samstarfi við kennara en þá væri hinsvegar oft erfitt að ná í þá, þar sem þeir færu sumir úr skólanum eftir að kennslu lýkur. Einnig kom fram að búið væri að vinna í því í vetur að fá kennara til að fylgja betur stefnu skólans, hleypa ekki snemma úr tíma og fylgja reglum almennt betur eftir. Það væri erfitt að breyta þessu en skólinn yrði að vera samtaka. Ætlunin væri að fara samningaleiðina og næsta haust yrðu breytingar af þessu tagi meira afgerandi.

Stefna og áherslur Rimaskóla koma fram í skólanámskrá en birtast ekki á heimasíðu skólans. Einkunnarorð skólans eru: regla – metnaður - sköpun. Foreldrar í rýnihópi telja að skólinn hafi svipaða stefnu og aðrir skólar. Þeir vilja að skólinn marki sé sérstöðu á víðara sviði en skákinni.

Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi ekki sett sér skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiningu árið 2007 fékk spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ gildið 2.72 sem er lægsta gildi allra

grunnskóla við þessari spurningu (3,76). Í viðhorfakönnun 2008 fær spurningin „Ég tel mig þekkja markmið og stefnu vinnustaðar mín“ gildið 3,69 (meðaltalið var 4,21).

Ábendingar

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast um 76% foreldra vera ánægð með stjórnunina í Rimaskóla. Meðaltalsánægjan er 4,0 og jöfn meðaltali í borginni.
- Flestar fullyrðingar í viðhorfakönnun starfsmanna er mæla viðhorf til stjórnunar fá lægsta gildi í Rimaskóla af grunnskólum borgarinnar.
- Í rýnihópum lýsti starfsfólk almennt ágætum samskiptum við stjórnendur, þau væru velviljuð og reyndu að styðja við starfsfólk skólans.
- Misjafnar sögur fara af aðgengi starfsmanna að stjórnendum og fram kom að samstarf stjórnenda hefði verið í ólagi við skólann um árabíl.
- Stjórnendur þyrftu að vera sýnilegri í skólastarfinu.
- Upplýsingaflæði í skólanum er ekki í nógu góðum farvegi.
- Mikið álag er á aðstoðarskólastjórum og kennarar leita til þeirra.
- Stefna og áherslur Rimaskóla koma fram í skólanámskrá.
- Stefnumótun skólans birtist ekki á heimasíðu skólans.
- Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi ekki sett sér skýr markmið fyrir skólaárið, skv. vinnustaðagreiningu árið 2007.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2008 er markmiðið í viddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Rimaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2008 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Rimaskóla fyrir árið 2007 voru að upphæð 526,960 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 528,009 þús. kr. Við uppgjör ársins 2007 var staða Rimaskóla sú að uppsöfnuð skuld skólans við borgarsjóð nam um 1 millj.kr.

Heildarfjárheimildir Rimaskóla fyrir árið 2008 voru að upphæð 589,354 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 601,808 þús. kr. Við uppgjör ársins 2008 var staða Rimaskóla sú að uppsöfnuð skuld skólans við borgarsjóð nam um 12,5 millj.kr. Ætlast er til að skólinn bregðist við því með aðhaldi á árinu 2009 og jafni út skuldina.

Ábendingar

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar:

Foreldrar eru almennt nokkuð ánægðir með skólann og stjórnun eða líkt og að meðaltali í borginni og eiga góð samskipti við stjórnendur og kennara.

Veikleikar:

Slakur árangur nemenda í Pisa-könnun 2006, árangur nemenda í lestri undir meðalárangri í grunnskólum, stór hópur nemenda telst þurfa stuðning í stærðfræði skv. stærðfræðiskimun. Óánægju gætir í starfsmannahópnum með starfsanda og stjórnun.

Ögranir:

Skólinn er stór og skólahverfið félagslega þungt. Taka þarf á stjórnunarvanda og efla samstöðu í starfsmannahópnum.

Tækifæri:

Nýta það sem unnið hefur verið sl. tvö ár í stefnumótun og verkferlum með því að starfsfólk verði samstíga í að fylgja eftir því sem samþykkt hefur verið. Tækifæri er einnig að bæta árangur nemenda í kjarnagreinum.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Nám og kennsla

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2008 er aðeins undir meðalárangri í grunnskólum Reykjavíkur en herra hlutfall nemenda í Rimaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali.
- Árangur nemenda vorið 2008 er betri en undanfarin ár.
- Meðaltalsárangur nemenda í 3. bekk Rimaskóli í stærðfræðiskimun 2007 er aðeins betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali.
- Hlutfall nemenda sem telst þurfa stuðning í stærðfræði er 16% á móti 7% í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Rimaskóli er meðal þeirra fimm skóla í Reykjavík sem sýna lakastan árangur nemenda í öllum þremur þáttum PISA 2006, náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi.
- Markmið einstakra greina eru sett fram í námskrám fyrir skólaárið. Námskrár eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti
- Á heimasíðu skólans er námskrár ekki að finna, en gert er ráð fyrir að námsáætlanir birtist þar. Við skoðun var þar aðeins að finna námsáætlun í heimilisfræði fyrir alla árganga.
- Nemendur gera sér ekki eigin námsáætlanir.
- Á stundatöflu er 8. bekkur með 2 tíma undir lágmarksstundafjölda.
- List- og verkgreinar eru kenndar hálfan veturinn smíði á móti textíl og myndmennt á móti heimilisfræði eða sundi í 2.-8. bekk.
- Stundatöflur eru samfelldar og dagar jafnlangir upp í 4. bekk. Á miðstigi og unglingastigi eru dagar mislangir. Eyður í töflu koma fyrir frá 7. bekk og upp úr.

Nemendur og líðan

- 63% nemenda í 5.-7. bekk líður alltaf eða oftast vel í kennslustundum skv. könnun 2007 sem er undir meðaltali í borginni (69%).

- Skólinn hefur unnið í verkefni Olweusar gegn einelti undanfarin ár en óljóst hvort unnið er eftir ferlum.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum, en yngri nemendur tala um stríðni.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína og eldri nemendur tengja saman ánægju með kennarann og ánægju með fagið sem þeir kenna.
- Sund og heimilisfræði eru nefnd sem skemmtilegustu greinar.
- Foreldrar í rýnihópi telja einnig að nemendum líði almennt vel í skólanum, en hafa einnig athugasemdir um að ekki sé öllum nógu vel sinnt.
- Tvö nemendaráð eru starfandi í skólanum með fulltrúum úr 6.-7. og 8.-10. bekk.
- Vel er staðið að kjöri nemenda í nemendaráð.
- Aðstoðarskólastjórar hafa yfirumsjón með nemendaráðum og sitja fundi ráðsins.
- Fundartímar nemendaráðs á unglingastigi mættu vera með reglulegri hætti til að bæta mætingu og virkja nemendur í ráðinu.
- Áhersla er lögð á skákiðkun nemenda og hefur skólinn unnið til verðlauna í skákkeppnum innanlands og utan.
- Nemendur þekkja almennt skólareglur og flestir virða þær.
- Skólareglur eru uppi við í flestum skólastofum en ekki öllum.
- Samræma þarf hvernig skólareglum er fylgt milli kennara og skólastiga og hvernig brugðist er við frávikum.
- Misjafnt er eftir bekkjum og árgöngum hvort góður vinnufriður er í kennslu og fyrir kemur að einstaklingar eða hópar eru nær óvirkir í tímum.
- „Skrópið“ er það sem erfiðast er að taka á í unglingadeild, að mati kennara.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með viðveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Helstu niðurstöður foreldrakönnunar vorið 2008 eru þær að tæp 74% foreldranna segjast vera ánægð með skóla barnanna, þar af segjast tæp 25% vera mjög ánægð.
- Meðaltalsánægja foreldra er 3.8 (af 5) í Rimaskóla en 4.0 í borginni allri og Rimaskóli er því fyrir neðan meðaltal í þessari spurningu.
- Rúm 76% foreldra segjast vera ánægð með stjórnunina, þar af um 34% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja foreldra í Rimaskóla með stjórnunina er jöfn meðaltali í borginni.
- Skólaráð virðist ekki vera virkt enn.
- Upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélags á heimasíðu skólans.
- Foreldrar eiga almennt góð samskipti við stjórnendur og kennara. Miklar væntingar binda foreldrar við nýjan aðstoðarskólastjóra.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið eru nægar að mati rýnihóps.
- Samstarf og upplýsingamiðlun milli kennara og foreldra er misjöfn eftir kennurum.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er í flestum þáttum kominn áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 2.5 stig á kvarðanum 1-5.

- Spurning í vinnustaðagreiningu um hversu vel gengur að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda fær mjög lágt gildi í Rimaskóla.
- Stefna Rimaskóla um nám og kennslu kemur fram í skólanámskrá en ekki á heimasíðu skólans. Ekki er í stefnunni fjallað um kennsluhætti eða leiðir í námi.
- Kennsluhættir virðast almennt hefðbundnir í vettvangsathugunum, nemendur eru að vinna að sama verkefni á sama tíma og einstaklingslega.
- Í list- og verkgreinum vinna nemendur að ólíkri útfærslu sama grunnverkefnis.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur í unglingadeild og nemendur fara á milli stofa.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt.
- Í námskrám greina og árganga er fjallað um námsmat í hverri grein.
- Leitað er að nemendum með sérþarfir, með markvissum greiningum og skimunarprófum.
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur sérkennsluna og starf þeirra sem að henni koma, en ekki eru fastir fundir með sérkennurum.
- Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar í námsverum.
- Vantar meira skipulag á samstarf milli sérkennslu og kennaranna í skólanum
- Atferlisver tekur við nemendum með náms- og/eða hegðunarerfiðleika til lengri eða skemmri tíma.
- Lausnateymi/ráðgjafarteymi er ekki starfandi við skólann.

Skólapróun og mat

- Í sjálfsmatsskýrslu Rimaskóla er fjallað um matsverkefni sem áætlað er að vinna að í Rimaskóla árin 2008-2010. Þar kemur fram matsáætlun fyrir þessi þrjú ár og ásamt efni í umbótaáætlun. Í skýrsluna vantar mat á stöðu skólans.
- Í skorkorti skólans fyrir skólaárið 2008-2009 eru settar fram alls 40 umbótaverkefni undir 13 áhersluþáttum.
- Þörf er á að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og skilgreina mælikvarða skýrar til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hefur náðst.

Virk upplýsingamiðlun

- Heimasíða Rimaskóla hefur nýlega verið endurgerð. Síðan er nokkuð aðgengileg og fréttir uppfærðar reglulega.
- Töluvert vantar þó upp á að upplýsingar séu á síðunni sem þar eiga að vera.
- Skólanámskrá er ekki birt og ekki námskrár og ekki eru upplýsingar um sjálfsmat eða umbótaáætlun á heimasíðunni.
- Stefna skólans í námi og kennslu kemur skýrt fram í gögnum en ekki á heimasíðu.
- Fjallað er um flesta þætti í skólanámskrá og starfsáætlun Rimaskóla sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram. Umfjöllun um eftirtalda þætti vantar:
 - hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
 - jafnréttisáætlun
 - verklagsreglur um umgengni
 - verklagsreglur um slysavarnir
 - tengsl við önnur skólastig, atvinnulífið
 - upplýsingar um umhverfisstefnu og vistvænan rekstur
- Gefnar eru út námskrár og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Í Rimaskóla hefur ekki verið mótuð umhverfisstefna og ekki er getið um verkefni tengd endurnýtingu og endurvinnslu.
- Ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, leikaðstöðu á skólalóð, og gæslu á skólalóð er minni nú en áður og undir meðaltalinu fyrir árin 2000-2006.
- Nemendum finnst þau örugg í skólanum og á lóðinni, kemur fram í rýnihópi þeirra.
- Áhættumat liggur fyrir, nokkra öryggisþætti þarf að skoða.
- Rýmingaráætlun liggur fyrir.

Mannauður

Starfsmenn og líðan

- Starfsánægja í skólanum mælist aðeins lægri en almennt í skólum í borginni (viðhorfakönnun 2008).
- Spurning um góðan starfsanda fær lægsta gildi í Rimaskóla af öllum skólum borgarinnar (vinnustaðagreining 2007).
- Í vinnustaðagreiningunni 2007 voru helstu breytingar allar neikvæðar frá mælingunni 2005.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsandinn væri „þokkalega eða almennt góður“, en hópaskipting í starfsmannahópnum væri töluverð og óánægja meðal starfsmanna væri nokkur.
- Samvinnu og upplýsingamiðlun milli kennara og milli stjórnenda þarf að bæta.
- Samskipti starfsmanna við foreldra virðast almennt ganga vel.
- Upplýsingamiðlun í Mentor þarf að bæta.
- Skoða þarf hvort fjarvera starfsmanna tengist álagi í starfi.
- Í símenntunaráætlun fyrir Rimaskóla skólaárið 2008-2009 er námskeiðum og fræðslufundum raðað niður og dreift á skólaárið.
- Viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mældust með umtalsvert lægra gildi í Rimaskóla en í grunnskólum almennt.
- Kennarar vilja meira val um símenntun og ekki þurfa að sitja fræðslu um það sem ekki tengist þeirra starfi beinlínis.
- Samkvæmt könnun hafa 53,3% starfsmanna farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.
- Í viðhorfakönnuninni 2008 fékk Rimaskóla lægsta gildi vinnustaða innan MSR þegar greind voru viðhorf til jafnréttis og jafnræðis á vinnustaðnum.
- Togstreitu milli starfsmanna og hópamyndun má, e.t.v. rekja til þess að starfsmenn telja sér mismunað.
- Athuga þarf hvort hægt er að bæta aðbúnað á vinnustaðnum þar sem er ábótavant.

Stjórnun og skipulag

- Í foreldrakönnun vorið 2008 segjast um 76% foreldra vera ánægð með stjórnunina í Rimaskóla. Meðaltalsánægjan er 4,0 og jöfn meðaltali í borginni.
- Flestar fullyrðingar í viðhorfakönnun starfsmanna er mæla viðhorf til stjórnunar fá lægsta gildi í Rimaskóla af grunnskólum borgarinnar.
- Í rýnihópum lýsti starfsfólk almennt ágætum samskiptum við stjórnendur, þau væru velviljuð og reyndu að styðja við starfsfólk skólans.
- Misjafnar sögur fara af aðgengi starfsmanna að stjórnendum og fram kom að samstarf stjórnenda hefði verið í ólagi við skólann um árabíl.
- Stjórnendur þyrftu að vera sýnilegri í skólastarfinu.

- Upplýsingaflæði í skólanum er ekki í nógu góðum farvegi.
- Mikið álag er á aðstoðarskólastjórum og kennarar leita til þeirra.
- Stefna og áherslur Rimaskóla koma fram í skólanámskrá.
- Stefnumótun skólans birtist ekki á heimasíðu skólans.
- Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi ekki sett sér skýr markmið fyrir skólaárið, skv. vinnustaðagreiningu árið 2007.

Fjármál

- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Handbók Rimaskóla 2008-2009. Reykjavík: Rimaskóli.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskímunar í 2. bekk. Rimaskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Rimaskóla 2007-2008. Reykjavík: Rimaskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2008. Rimaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008. Rimaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Rimaskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.rimaskoli.is

Fylgiskjöl

1. Rimaskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur